

108

31. des.

Með mál um brot á samþykktum, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

109

31. des.

L Ö G

um togarakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa allt að 30 togara erlendis með það fyrir augum, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

110

31. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 32 11. júní 1942, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1946“ í ákvæði til bráðabirgða í lögunum, shr. lög nr. 15 24. marz 1944, komi: til ársloka 1948.